

## 6. stjórnarfundur LH 12. júní 2013

### Fundur haldinn í höfuðstöðvum ÍSÍ

**Mætt eru:** Haraldur Þórarinnsson (HP), Oddur Hafsteinsson (OH), Sigurður Ævarsson (SÆ), Þorvarður Helgason (PH), Helga B. Helgadóttir (HBH), Andrea Þorvaldsdóttir (AP), Sigrún Þórðardóttir (SP)

#### 1. Fundargerð 5. stjórnarfundar LH

Lá ekki fyrir og verður samþykkt á næsta fundi.

#### 2. Fundarboðun stjórnarfundar

Mistök urðu við boðun stjórnarfundar, varastjórn var ekki boðuð er það harmað.

#### 3. Bréf frá Hólum í Hjaltadal vegna knapamerkjakerfis

Bréf undirritað af Helgu Thoroddsen þar sem óskað er eftir styrk til þess að verðlauna efsta knapa á fimmta stigi á landsvísu. Styrkurinn var samþykktur og um leið verður óskað eftir því að Helga komi á stjórnarfund LH og fari yfir Knapamerkjakerfið og framtíðarhugmyndir. Þá verði kynnt rekstur og uppgjör síðustu þriggja ára.

#### 4. Klár í keppni

Stjórn LH og velferðarnefnd klári það mál. Stjórn LH og yfirdýralæknir hafa óskað eftir því við stjórn FEIF að „Klár í keppni“ skoðun fari fram á HM til að undirbyggja gögn og upplýsingar um búnað í keppni með velferð hestsins að leiðarljósi.

#### 5. Landsþing 2014

Stjórn LH ákvað að óska eftir nánari útfærslu þinghaldsins frá Stíganda og Sleipni og kostnaði við það. En fyrir stjórn lágu þrjú erindi um að fá að halda landsþing LH 2014.

#### 6. Nýliðun í hestamennsku

Stjórn LH er að skoða með hvaða hætti er hægt að auka nýliðun í hestamennsku. Eru öryggisnefnd, kostnaðarnefnd og markaðs- og kynningarnefnd ásamt TRECK nefnd að skoða þessi mál en nauðsynlegt er að auka og efla hestamennsku á öllum sviðum.

#### 7. Reiðskólar

Stjórn LH ákvað að skoða hvernig leyfisveitingar til reiðskóla færu fram.

#### 8. Fjórðungsmót á Austurlandi

Styrkbeiðni hefur borist frá mótshöldurum. LH veitir ekki styrki en hjálpar til við þau verkefni sem falla að starfsemi LH.

#### 9. Landsmót ehf.

HP, Sveinbjörn Sveinbjörnsson og Björn M. Björgvinsson voru skipaðir í nefnd til þess að koma með tillögur til stjórnar LH um úrlusn rekstrarvanda Landsmóts ehf.

#### 10. Skógarhólar

Stjórn LH ákvað að fela Skógarhólum ehf. að ráða rekstraraðila að Skógarhólum fram til ármóta á meðan framtíð og uppbygging Skógarhóla yrði skoðuð betur.

#### 11. Ráðherrafundur

- Rætt um Landsmót hestamanna ehf. og þær leiðir sem færar eru í málefnum þess.
- Stjórnsýslan í kringum íslenska hestinn. Sjá skýrslu frá 2011. Er hugsanlegt að „Klasastarf“ henti hestamenskunni hér á landi. Ráðuneytin ráði einstakling til að skoða þau mál þar sem mikið er í húfi fyrir hestaþróttina. Forusta Íslands er í húfi.
- Heimsmeistaramót íslenska hestsins í Berlín 4. - 11. ágúst, 2013.
- Samstarf Norðurlanda um Norðurlandamót 2014 og HM 2015 (Nordisk Islandshestforbund).
- Nýliðun í hestamennsku. Markaðsátak. Samningur við ríkið um verkefni.

## 12. Trec reglur

Töluverður áhugi er á að fá þetta þýtt til að hægt sé að hefja formlega keppni í Trec.

Ákveðið var að fá tilboð í þýðingar á keppnisreglum. Hestamannafélagið Sörli hefur efnt til keppni og tókst hún vel. Hestamannafélagið Sprettur er að láta hanna braut á sínu svæði fyrir Trec.

## 13. Úrtaka HM

Bjarnleifur Bjarnleifsson kemur á fund og fer yfir þá stöðu sem upp er komin vegna úrtöku fyrir HM í Berlín. Allir sammála um að þetta sé óviðunandi ástand. Ákveðið að skrifa bréf til mótshaldara og fá skýringar á því hvers vegna þessi staða sé komin upp.

## 14. Hvað eru lögleg mót

Ákveðið að fela tölvu- og keppnisnefnd LH að skrifa öllum félögum LH bréf með þeim atriðum sem þurfa að vera í lagi til að mót teljist lögleg.

*Fleira ekki fært til bókar  
Fundarritari: Oddur Hafsteinsson*